

1901

Fimmtudaginn 28. október 1993.

Nr. 193/1991. **Indriði Sigmundsson**

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

Stálsmiðjunni hf.

(Ásgeir Thoroddsen hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1991. Hann krefst þess, að staðfest verði riftun á kaupsamningi aðila frá 22. ágúst 1987 um dráttarvélina Torpedo TX 55A og að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða sér kaupverð vélarinnar, 647.102 krónur, með vöxtum og dráttarvöxtum og 500.000 krónur í fébætur. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dráttarvél sú, sem áfrýjandi keypti af Hamri hf., virðist hafa verið í ódýrari flokki slíkra tækja. Við kaupin var um það talað, að áfrýjandi léti starfsmenn seljanda vita um hnökra, sem kynnu að koma í ljós á vélinni, og gerði hann það. Eftir viðgerðir vegna minni háttar galla í ársbyrjun 1988, sem stefndi sá um og kostaði, er óljóst um frekari galla á vélinni, sem áfrýjandi hefði getað borið fyrir sig til riftunar kaupum. Hann leitaðist ekki við að sýna fram á slíka galla með dómkvaðningu matsmanna eða á annan fullnægjandi hátt. Áfrýjandi hefur því ekki sannað, að skilyrði til riftunar væru uppfyllt. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda í máli þessu. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur að niðurstöðu til.

Áfrýjandi greiði stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Indriði Sigmundsson, greiði stefnda, Stálsmiðjunni hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. janúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 20. október 1989.

Stefnandi er Indriði Sigmundsson, Árdal, Óspakseyrarhreppi, Stranda-sýslu.

Stefndi er Stálsmiðjan h/f, Mýrargötu 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi riftun á kaupsamningi stefnanda og Hamars h/f, dagsett 22. ágúst 1987, um dráttarvélinu TORPEDO TX 55 A, árgerð 1987, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda kaupverð dráttarvélarinnar, 1.253.782 krónur, með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara er gerð krafa um verulega lækkun og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi keypti nýja, ónotaða dráttarvél af gerðinni TORPEDO TX 55 A af Hamri h/f í Reykjavík, en það fyrirtæki og stefndi voru sameinuð frá og með 31. desember 1988 undir nafni stefnda. Stefnandi staðhæfir, að fljótlega eftir að hann tók við vélinni, 22. ágúst 1987, hafi farið að bera á mjög alvarlegum göllum og bilunum í vélinni og vélin hafi nánast aldrei verið sér til neins nýt. Sé ekki ofmælt, að vélin hafi verið ónýt við afhendingu. Stefnandi kveðst hafa kvartað við seljanda, þegar eftir að hann tók við henni, og í janúar og febrúar 1988 hafi vélin verið til viðgerðar á verkstæði á kostnað seljanda. Sú viðgerð hafi mistekist, og er líða tók á heyskap 1988, segir stefnandi, að hann hafi endanlega gefist upp á vélinni. Sendi hann seljanda skeyti, dagsett 11. ágúst 1988, þar sem hann lýsti yfir því, að hann rifti kaupunum frá því í ágúst 1987.

Af hálfu stefnda, Hamars h/f, var skeyti þessu svarað með bréfi, dagsettu 23. september 1988, en þar segir, að seljandi hafi fullan hug á því að leysa málið í vinsemd. Stefnandi kveðst ekki hafa fengið önnur viðbrögð frá seljanda við riftuninni og leitaði til lögmanns til að fá aðstoð við uppgjör vegna riftunarinnar. Lögmaðurinn ritaði seljanda bréf 21. nóvember 1988, þar sem hann skoraði á seljanda að ganga frá uppgjóri vegna riftunarinnar.

Stefnandi heldur því fram, að stefnda sé skylt að endurgreiða sér kaupverð dráttarvélarinnar með dráttarvöxtum til greiðsludags, enda hafi stefnandi tilkynnt riftunina bréflega og í tæka tíð, sbr. 54. gr. laga nr. 39/1922. Telur stefnandi, að stefndi geti ekki nú skilað dráttarvélinni, enda hafi hann fyrir löngu misst allan rétt til að mótmæla riftuninni vegna tómlætis. Hann hafi aldrei mótmælt riftuninni og ekki heldur því, að dráttarvélin væri

meingölluð, ef ekki ónýtt, við afhendingu. Telur stefnandi, að stefndi hafi í reynd fallist á riftun, og verði hann því að endurgreiða kaupverðið og greiða stefnanda fébætur, sbr. 57. gr. laga nr. 39/1922 og 45. og 25. gr. sömu laga. Þá telur stefnandi, að viðtaka stefnda á dráttarvélinni í maí 1989 jafngildi samþykki á riftun stefnanda, en vélin hafi verið í vörslu stefnda frá þeim tíma og sé það enn, að því er hann viti best. Hafi viðtaka stefnda á hinu selda jafnframt þá þýðingu, að sönnunarbyrði um það, að vélin hafi ekki verið verulega gölluð við afhendinguna í ágúst 1987 og síðar, hvíli nú á stefnda. Eins telur stefnandi, að öll riftunar- og bótaskilyrði hafi verið fyrir hendi í ágúst 1988 samkvæmt ákvæðum laga nr. 39/1922, sbr. 1. mgr. 42. gr., sbr. 43. gr., enda hafi dráttarvélin haft verulega og upprunalega galla við afhendingu og stefnda ekki tekist að bæta úr þeim. Beri stefnda að svara fyrir galla þessa, þar sem hann komi að öllu leyti í stað seljanda dráttarvélarinnar.

Stefndi heldur því fram, að umrædd dráttarvél hafi verið afhent ógölluð. Stefnandi hafi haft samband við stefnda og kvartað um galla í vélinni. Við skoðun viðgerðarmanna frá Hamri h/f hafi komið í ljós smávægilegur galli, þ. e. bilaður eldsneytismælir. Hafi samist um það með stefnanda og viðgerðarmönnum, að þeir sendu stefnanda umræddan mæli ásamt öðrum varahlutum, sem vantaði. Hafi tækið þurft viðgerðar við vegna þess, að stefnandi hafi ekki haldið því við, og almennt hafi tækið verið illa hirt. Hafi viðgerð aðallega verið fólgin í því að liðka, hreinsa og smyrja hreyfanlega hluti tækisins, eftir því sem aðstæður leyfðu.

Stefnandi hafi enn kvartað, og hafi orðið úr að fela Vélaverkstæðinu Klöpp á Borðeyri að yfirfara vélina. Hafi sú viðgerð m. a. falist í því að setja varahlutina í, en það hafi stefnandi ekki gert, og ljúka því verki, sem viðgerðarmenn Hamars h/f höfðu byrjað, þ. e. að bæta úr því, sem af vanhirðu stefnanda leiddi. Hafi stefndi greitt reikning vegna þessa, 21.090 krónur.

Stefndi ber fyrir sig, að enda þótt fram komi í gögnum málsins, að stefnandi hafi talið dráttarvélina ónothæfa með öllu frá því í mars 1988, hafi hann ekki tilkynnt stefnda um það fyrr en með tilkynningu um riftun, dagsettri 11. ágúst 1988. Stefnandi hafi því firrt sig rétti til riftunar með því að tilkynna ekki þegar um hana, er hann taldi sig verða varan við þá galla, sem hann rökstyður með riftunina.

Þá er því haldið fram, að bréf forsvarsmanns stefnda frá 23. september 1988 verði ekki skilið á annan hátt en sem höfnun riftunarinnar. Stefnandi hafi tekið við vélinni í maí 1989, til þess að kanna mætti sannleiksgildi fullyrðinga stefnanda um galla á vélinni. Hafi vélin reynt í lagi, ef frá séu talin atriði, sem stafað hafi af viðhaldsskorti stefnanda og/eða slæmri eða rangri meðferð á vélinni.

Vélin hafi síðan verið stefnanda til reiðu, en hann ekki séð ástæðu til að nálgast hana. Umboðsmaður stefnanda hafi skoðað vélina 28. júlí 1989 og hafi þá talið hana gallaða, og hafi vélin enn ekki verið sótt til stefnda. Stefndi heldur því hins vegar fram, að vélin sé ógölluð. Ekki verði annað séð en stefnandi geri kröfur um, að dráttarvélin hafi aðra kosti enn hún hafi átt að hafa. Kröfum stefnanda um skaðabætur er mótmælt sem ósönnuðum.

Forsendur og niðurstaða.

Fram kemur í málinu, að kvartað hafði verið við seljendur vegna tiltekinnna galla og að gert var við dráttarvélinu á verkstæðinu Klöpp á Borðeyri. Vitnið Sveinn Karlsson, sem sá um viðgerð á vélinni þá, sagði í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að m. a. hefði verið bilun í vökvalyftu, en hann gert við hana. Hins vegar hefði hann ekki gert við „kúplingu“, enda hafi hún ekki verið biluð, heldur þeirrar gerðar, að hætt væri við, að hún hnökraði.

Eftir viðgerðina á Borðeyri, kveður stefnandi, að stýrisbúnaður hafi bilað. Hann hafi þá hætt að nota vélinu og lokst sent hana suður í september 1988, en rift kaupunum með skeytinu frá 11. ágúst 1988. Samkvæmt skýrslu stefnanda sjálfs voru gallar þeir, er hann vill bera fyrir sig, allir fyrir hendi í marsmánuði 1988, og einnig kemur fram í tilkynningu hans frá 11. ágúst 1988, að hann hafi ekki getað notað vélinu vegna bilana frá því í mars á því ári. Fullyrðingum stefnanda um, að hann hafi haft uppi riftunarkröfur fyrr en 11. ágúst 1988, er mótmælt af stefnda, og ekki er sannað, að stefndi hafi fengið tilkynningu um riftunina fyrr en þá. Samkvæmt reglu 2. mgr. 52. gr. laga 39/1922 kom tilkynning þessi of seint fram, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um riftun. Í þessu sambandi er þess að gæta, að ekki verður fallist á það með stefnanda, að af hálfu stefnda hafi verið fallist á riftunina eða að dráttur á svári skilaneftar við kröfulýsingu stefnanda, er Hamri h/f var slitið, veiti honum riftunarrétt.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á það með mats- og skoðunargerð eða öðrum hætti, að þeir gallar séu eða hafi verið á dráttarvélinni, að honum beri skaðabætur úr hendi stefnda vegna þess, og verður skaðabótakrafa hans því ekki tekin til greina.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 85.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stálsmiðjan h/f, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Indriða Sigmundssonar.

Stefnandi greiði stefnda 85.000 krónur í málskostnað.